

Fimmtudaginn 19. mars 1992.

Nr. 110/1992. **Gísli M. Sigmarsson og
Sigmar Gíslason**

gegn

Tryggingastofnun ríkisins.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðilar hafa með heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands skotið máli þessu til réttarins með kæru 24. febrúar 1992. Kæran barst Hæstarétti 13. mars 1992.

Hinn kærði dómur var kveðinn upp að aðilum fjarstöddum. Lögmaður sóknaraðila kveðst hafa fengið vitneskju um málsúrslit 17. febrúar 1992. Telst kæran því nægjanlega snemma fram komin.

Sóknaraðilar krefjast þess, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefjast sóknaraðilar kærumálskostnaðar.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að varnaraðili hafi viðurkennt óvinnufærni Gísla M. Sigmarssonar og greiðsluskyldu sína, en í málinu sé fyrst og fremst deilt um bótafjárhæð. Því er einnig haldið fram, að héraðsdómari geti ekki vísað máli frá dómi vegna skorts á ákveðnum sönnunargögnum, sem hann hafi ekki gefið aðilum kost á að afla, sbr. 120. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Varnaraðili hefur hvorki gert kröfur né haft uppi varnir í kærumálinu.

Í greinargerð varnaraðila í héraði var skorað á sóknaraðila að leggja fram lækisfræðileg gögn svo og launauppgjör og framtalsgögn, sem staðfest gætu, að sóknaraðila Gísla hafi verið greitt staðgengilskaup þann tíma, sem hann var frá vinnu. Sóknaraðilar sinntu ekki þeirri áskorun.

Eins og fram kemur í hinum kærða dómi, hefur sóknaraðili ekki sinnt því að afla gagna um mikilsverð málsatriði þrátt fyrir áskoranir varnaraðila. Ljóst mátti vera, að öflun þessara gagna væri líkleg til að hafa verulega þýðingu við mat á öðrum höfuðþætti þess

álítaefnis, sem um er deilt í málinu. Samkvæmt því og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. febrúar 1992.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. febrúar 1992, hafa Gísli M. Sigmarsson, kt. 091037-3519, Faxastíg 47, Vestmannaeyjum, og Sigmar Gíslason, kt. 271257-2449, Illugagötu 62, Vestmannaeyjum, báðir f. h. útgerðar ms. Katrínar, VE-47, höfðað með þingfestingu málsins 5. mars 1991 á hendur Tryggingastofnun ríkisins, kt. 660269-2669, Laugavegi 114, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 1.077.375 kr., auk [dráttarvaxta og málskostnaðar].

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnenda, en til vara, að stefndi verði einungis dæmdur til að greiða 430.950 kr. með vöxtum af þeirri fjárhæð. Í báðum tilvikum er þess krafist, að stefnendur verði dæmdir til þess að greiða stefnda málskostnað [...].

II.

Stefnendur kveða málavexti vera þá, að 1. apríl 1989 hafi það óhapp orðið um borð í ms. Katrínu, VE-47, þar sem skipið hafi verið statt á Örafagrunni að fiska í siglingu á Bretlandsmarkað, að skipstjóri skipsins, stefnandi Gísli, hafi runnið í stiga í brú skipsins og slasast á fæti. Hafi stefnandi Gísli snúist illa á hægra fæti um ökkla. Hinn 15. júní 1989 hafi stefnandi komist að á Borgarspítalanum. Stefnandi hafi orðið að vera fjóra mánuði í gífsi og síðan með spelkur og ekki orðið vinnufær fyrr en í ársbyrjun 1990.

Samkvæmt 46. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, sbr. 36. gr., hafi útgerðin greitt stefnanda staðgengilslaun (aflahlut) í tvo mánuði og síðan kauptryggingu næstu mánuði á eftir. Stefnandi, útgerð ms. Katrínar, VE-47, sótti un endurgreiðslu á staðgengilslaunum (aflahlut) skipstjóra til stefnda, sem endurgreiðir útgerðarmönnum staðgengilslaun fyrstu tvo mánuðina í vinnuslysum og síðan dagpeninga. Stefndi hafi greitt útgerðinni dagpeninga, en neitað að endurgreiða útgerðinni staðgengilslaun vegna stefnanda Gísla M. Sigmarssonar.

— — —

Stefnendur rökstyðja kröfur sínar í máli þessu með slysi, sem starfsmaður stefnanda og annar eigandi, Gísli M. Sigmarsson, kveðst hafa orðið fyrir 1. apríl 1989. Enda þótt ekki sé ágreiningur um það í málinu, að stefnandi hafi slasast 1. apríl 1989, liggur ekki fyrir, hverjar afleiðingar slyssins voru né heldur hver óvinnufærni stefnanda var af þeim sökum. Af framlögðu læknisvottorði á dskj. nr. 10 má ráða, að óvinnufærni stefnanda Gísla, sem nú er krafist bóta fyrir, stafi af eldra slysi, sem stefnandi hafi orðið fyrir árið 1979. Hefur stefnandi ekki orðið við áskorun í greinargerð stefnda um gagnaöflun vegna síðara slyssins. Þá hafa ekki heldur verið lögð fram skattframtöl, hvorki af hálfu stefnanda, útgerðar ms. Katrínar, VE-47, né heldur framtöl af hálfu hins slasaða, sem staðfesti tekjuákvörðun stefnanda Gísla þrátt fyrir áskorun þar um í greinargerð stefnda.

Mál þetta er því vanreifað í svo verulegum atriðum, að ekki þykir unnt að leggja á það efnisdóm, og ber því að vísa því frá dómi ex officio.

Með hliðsjón af þessum úrslitum þykir rétt, að málskostnaður falli niður. Dóminn kvað upp Hervör Þorvaldsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður dæmist ekki.
